



Páskabingó KFUM og KFUK

Framundan eru páskar þar sem við munum öll ferðast innanhús. KFUM og KFUK hvetur alla fjölskylduna til uppbyggjandi og skemmtilegrar samveru yfir heimahátíðina.

Hér eru tólf verkefni fyrir alla fjölskylduna til að leysa saman yfir páskana. Þegar þið hafið lokið við allt bingóspjaldið hvetjum við þig að senda okkur kveðju með myndum af verkefnunum á netfangið fjarfjor@kfum.is. Á sumardaginn fyrsta verður dregið úr innsendum kveðjum og ein fjölskylda sem skilar bingóspjaldinu útfylltu fær frímiða fyrir alla fjölskylduna á Sæludaga í Vatnaskógi í sumar.

K - Kristilegi þátturinn hefur það að markmiði að efla trúarþroska. Fræðsla um kristna trú og gildi er órjúfanlegur þáttur í starfi KFUM og KFUK.

F - Við erum frjáls félagsamtök. Með félagsmálafræðslu gerum við þátttakendur hæfari til að koma fram og sinna félagsmálum.

U - Við erum æskulýðshreyfing. KFUM og KFUK býður upp á fjölbreytt starf fyrir börn og ungmenni.

M/K - Við stuðlum að mannrækt og mannúð. Við viljum styrkja og efla sjálfsmynd, frumkvæði og áræðni einstaklingsins, og taka virkan þátt í góðum verkefni öllum til heilla.

K1



Það eru fjölmargar leiðir til að útbúa krossa úr mismunandi efnisvið. Láttu ímyndunaraflið taka völdin og byrjaðu að skapa.

F4



Borðið morgunverð saman og skipuleggið verkefni dagsins sem fjölskylda.

U7



Öll á heimilinu undir 16 ára aldri eiga að setjast saman, semja leikrit og flytja fyrir aðra í fjölskyldunni.

M/K10



Skrifið á nokkra hvatningar-miða eins og til dæmis þú ert frábær, eigðu frábæran dag og mundu að njóta. Hægt er að dreifa miðunum á bílrúður, í bókasafnsbækur og fleiri staði.

K2



Skrifið lista yfir allt sem þið getið verið þakklát fyrir og deilið listanum með hvort öðru. Munum að þakka Guði allar góðar gjafir.

F5



Höldum fjölskyldufund þar sem við útbúum matseðill fyrir vikuna. Skipum fundarstjóra til að stjórna fundinum og fundaritara sem skrifar niður það sem er ákveðið.

U8



Spilið saman með hefðbundnum spilum, t.d. veiðimann eða Olsen Olsen.

M/K11



Handskrifðu bréf til ættingja eða vinar sem þið hafið ekki hitt lengi. Fylgið bréfinu eftir með að hringja og heyra í viðkomandi.

K3



Hlustið saman á Páskafrásöguna í hljóðbók Biblíufélagsins. Hægt er að nálgast hana á: www.kfum.is/upprisa.

F6



Finnum í sameiningu kvikmynd sem öll fjölskyldan vill horfa á saman. Finnið til smá poppkorn eða heilsusnakk til að borða yfir myndinni.

U9



Allir í fjölskyldunni taka þátt í páskaföndri eins og t.d. mála egg, teikna páskakanínu eða föndra páskaunga.

M/K12

Skrifið nöfn allra á miða. Ruglið miðunum og dragið (enginn má draga sinn miða). Skrifðu 3 jákvæð lýsingarorð um þann sem á miðann sem þið dróguð. Afhendið hverjum sinn miða og talið saman um orðin sem þið skrifuðu.